

Stefna Reykjanesbæjar 2020-30

Markmið til 2021

Yfirlit yfir hvar við stöndum í þeim verkefnum sem við stefnum á að klára eða vinna í til ársloka 2021. Markmiðin eru orðrétt úr stefnumótuninni.

Markmið 1:

Bæta almenningssamgöngur með skilvirkara leiðarkerfi og aukinni tíðni. Kerfið nýtist fyrir íbúa í leik og starfi. Sérstaklega verði horft til þess að kerfið nýtist ungu fólki til að efla þátttöku barna í íþróttum og auka vellíðan þeirra.

Hvað hefur verið gert ?:

Unnið hefur verið að breyttu kerfi almenningssamgangna sem tók í gildi um síðustu áramót. Þessar breytingar miðuðu að skilvirkara kerfi og að hægt væri með tiltölulega einföldum hætti að auka tíðni. Þessar breytingar svara hinsvegar ekki því kalli „að kerfið nýtist ungu fólki og efla þau til þátttöku í íþróttum“ í öllum hverfum enda kom þónokkur óánægja í einu hverfi bæjarins. Rétt er að geta þess að á Ásbrú þar sem var lögð mikil áhersla á að bæta þjónustuna hefur þónokkur ánægja verið á breytingunum. En einnig var gagnrýnt að stopp við Fjölbrautarskólann var tekið út. Allar þær breytingar sem gerðar voru núna um áramótin voru gerðar til að svara kröfum um skilvirkara leiðarkerfi og auka tíðni. Það er mat undirritaðs að markmið stefnunnar sé í mótsögn við sjálfa sig og þurfi að vera skýrar svo hægt sé að vinna eftir henni.

Hvað gerum við 2021 ?:

Hafa kerfið óbreytt, en að öðrum kosti að fara í kerfið aftur eins og það var fyrir breytingu núna um áramótin þar til verk það sem minnst er á hér neðar er lokið.

Setja á stofn starfshóp sem tekur almenningssamgöngukerfið til algjörar endurskoðunar og undirbúi útboð á almenningssamgöngukerfinu 2023. Einnig verði horft til möguleika á grænum lausnum á almenningssamgöngum. Tryggja þyrfti fjármagn til að þessi hópur gæti unnið skilvirkt. Til að mynda verði horft til þess hvort komi til greina að vera með tvískiptan akstur, almenningssamgöngur og svo frístundarakstur.

Markmið 2:

Hvatagreiðslur hækki og verði sambærilegar og hjá öðrum stærri sveitarfélögum landsins, þannig verði hvatt til aukinnar þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi barna

Hvað hefur verið gert:

Hvatagreiðslur hafa verið hækkaðar í skrefum undanfarin ár og hækkuðu úr 28.000 kr. í 35.000 kr. fyrir árið 2020. Sú hækking er áætluð að kosti 15.000.000 kr. Við sjáum að samhliða hækkingu hvatagreiðslna hefur þeim fjölgað sem sótt hafa um hvatagreiðslur.

Hvað gerum við 2021:

Til að ná ofangreindu markmiði sem sett er fram í stefnu Reykjanesbæjar þyrftu hvatagreiðslur að hækka í 50.000 kr. á næsta ári. Það er u.þ.b. tvöföld hækking í krónum talið miðað við síðustu ár.

Markmið 3:

Samþætta skólastarf barna í 1.- 4. bekk við íþróttir og tómstundir til að auðvelda börnum og foreldrum lífið. Börnin ljúki almennt skóla-, íþrótt- og tómstundastarfi fyrir kl. 17.00 á daginn.

Hvað hefur verið gert:

Ofangreint markmið er sett fram í starfsáætlun fræðsluviðs 2020 og hefur verið skipaður starfshópur sem vinnur að verkefninu. Verkefnið hefur verið skilgreint sem samstarfsverkefni fræðsluráðs og íþrótt- og tómstundaráðs. Starfshópurinn skoðar m.a. hvernig samþættingu frístundaheimila við íþrótt- og tómstundastarf er háttað í dag, hvernig efla megi hana til að stuðla að aukinni þátttöku barna í íþrótt- og tómstundastarfi og kostnaðarmeta þær tillögur sem settar verða fram. Hópnun er sett að skila skýrslu fyrir 20. maí 2020.

Hvað gerum við 2021:

Hrindum í framkvæmd þeim tillögum sem fram koma hjá starfshópnum.

Markmið 4:

Áfram verður unnið að uppbyggingu íþróttamannvirkja í góðri samvinnu við íþróttafélög.

Hvað hefur verið gert ?:

Útboð á æfingarsvæðinu Vestan Reykjaneshallar fer fram núna á vormánuðum. Hefur verið unnið í góðri samvinnu við íþróttafélögin. Útisvæði sundlaugarinnar við Sunnubraut er einnig í útboði og klárast á árinu. Uppsetning körfuboltavallar upp á Ásbrú verður lokið á árinu.

Hvað gerum við 2021 ? :

Æfingarsvæði vestan Reykjaneshallar klárað.

Hönnun á nýrri íþróttarhöll í Hlíðarhverfi sett af stað.

Lagfæra knattspyrnuvöll í Dalshverfi þannig hann verði brúklegur til æfinga en mikið hefur verið kallað eftir því að yngsti aldurinn geti stundað æfingar innan hverfis.

Íþróttasvæði á Ásbrú lagfært með sama markmið í huga.

Hönnun á nýrri skólalóð á Ásbrú fari af stað þannig hægt sé að byrja uppbyggingu á lóð.

Hafist handa við framkvæmdir við áfanga II í Stapaskóla. Íþróttahús og sundlaug.

Markmið 5:

Opna ungbarnadeildir frá 18 mánaða aldri í a.m.k. tveimur leikskólum fyrir haustið 2021.

Hvað hefur verið gert:

Starfshópur að störfum, aðkoma Umhverfissviðs hefur verið lítil/engin og því hefur ekki verið hafin neinn undirbúningur á hönnun, hvað þá framkvæmd. En gert er ráð fyrir að Stapaskóli svari þessu þessu kalli að einhverju leiti. (Guðlaugur H. Sigurjónsson)

Starfshópur var settur á laggirnar í janúar 2020 sem hefur það hlutverk að skoða ítarlega kosti og galla annars vegar ungbarnaleikskóla og hins vegar að setja á stofn ungbarnadeildir í leikskólum sveitarfélagsins. Starfshópurinn á að skoða ofangreint út frá bæði faglegum og fjárhagslegum sjónarmiðum. Einnig á hann að skoða nýtingu á því leikskólahúsnaði sem fyrir er í sveitarfélaginu með inntöku 12 mánaða barna í huga. Samkvæmt erindisbréfi er hópnun gert að skila niðurstöðum á fundi fræðsluráðs í byrjun maí 2020. (Helgi Arnarson)

Hvað gerum við 2021:

Útfærslan veltur á niðurstöðum starfshóps og tillögum fræðsluráðs.

Markmið 6:

Styrkja fjölbætta heilsueflingu 65+ enn frekar til að fleiri íbúar taki þátt.

Hvað hefur verið gert ? :

Gerður var samningur við Janus heilsueflingu slf. um fjölbætta heilsueflingu aldurshópsins 65+ sem gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2021. Nýjar inntökur í hópinn voru í febrúar 2020 og verða með reglubundnum hætti út árið 2021.

Stígagerð út um allan bæ, bætt við bekkjum og merkingum.

Hvað gerum við 2021 ? :

Samningur um fjölbætta heilsueflingu heldur áfram út árið 2021.

Ný lýsing á Vetrarbrautina, ný gönguleið um nýtt æfingarsvæði vestan Reykjaneshallar. Haldið áfram með heilsustíga um allan bæ.

Reykjanesbær gæti gerst þátttakandi í verkefni WHO aldursvænar borgir. Verkefnið nær til 8 málefnasviða sem talin eru hafa afgerandi áhrif á það hversu aðlaðandi og aðgengilegar borgir eru fyrir eldri íbúa sína og hversu vel þær stuðli að virkri þátttöku aldraðra í samfélaginu. Málefnasvæðin eru : útisvæði og byggingar, samgöngur, húsnæði, félagsleg þátttaka, virðing og félagsleg viðurkenning, virk samfélagsþátttaka og atvinnumöguleikar, fjarskipti og upplýsingar og síðast en ekki síst samfélags og heilbrigðisþjónusta.

Markmið 7:

Uppbygging leiksvæða, hreystivalla, grænna svæða og göngustíga til að auka aðgengi íbúa að aðstöðu til útiveru.

Hvað hefur verið gert ? :

Unnið í Njarðvíkurskógum stígakerfi og þrautabraut fyrir fullorðna, Seltjörn og heilsustígum. Sparkvellir lagfærðir, nýr sparkvöllur og körfuboltavöllur við Stapaskóla. Nýr körfuboltavöllur kemur upp á Ásbrú. Heilsustígaverkefnið er einnig verkefni sem „tikkar“ í þetta box. Gróðursetning trjáa út um allan bæ og þá mun átaksverkefni fyrir ungt fólk einnig verða nýtt til að styrkja þessa innviði.

Hvað gerum við 2021 ? :

Heilsustígaverkefnið heldur áfram. Hugað verður að skrudgarði og nýju útivistarsvæði í Dalshverfi. Unnið verðum að gera segla sitthvoru megin við Strandleið, einskona upphaf og endir. Klára strandleið úr á Berg. Hugað verði að nýju útivistarsvæði á Njarðvíkurheiði. Uppbygging á ferðamannaperlum út á Reykjanesi í samvinnu við Geopark og einkaaðila.

Markmið 8:

Lækkun fasteignaskatta til þess að bjóða fyrirtækjum og einstaklingum upp á starfsumhverfi sem stenst allan samanburð.

Hvað hefur verið gert? :

Við gerð fjárhagsáætlunar og ákvörðun um gjaldskrá fyrir árið 2020 ákvað bæjarstjórn að lækka álagningahlutfall á íbúðarhúsnæði sem skilgreint er A-flokkur og atvinnuhúsnæði sem skilgreint er C-flokkur.

Álagningahlutfall fasteignaskatts var lækkað sem hér segir:

A-flokkur var 0,36% 2019 og var lækkað í 0,32% 2020

C-flokkur var 1,65% 2019 og var lækkað í 1,60% 2020

Hvað gerum við 2021? :

Í við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 sem hefst í sumar þá verður tekin afstaða til þess hvort svigrúm er til frekari lækkunar á álagningahlutfallinu.

Markmið 9:

Auka þátttöku barna og ungmenna innflytjenda í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi.

Hvað hefur verið gert:

Á síðasta ári var unnið að því að efla þátttöku barna af erlendum uppruna í íþrótt- og tómstundastarfi með góðum árangri undir verkefnaheitinu „Vertu memm“. Nú er verið að skipa þverfaglegan starfshóp með fulltrúum beggja sviða, fræðslusviðs og velferðarsviðs, sem hefur það hlutverk að halda áfram með verkefnið undir nýju heiti, „Allir með“. Fengist hefur myndarlegur styrkur frá félagsmálaráðuneytinu sem mun fjármagna verkefnið.

Hvað gerum við 2021:

Verkefnið teygir sig væntanlega fram á árið 2021. Hugað verði að sjálfbærni verkefnisins til lengri tíma þannig að um verði að ræða staðfest verklag í stað sérstaks þróunarverkefnis.

Markmið 10:

Hvatt verði til virkra samskipta milli ólíkra hópa m.a. með því að halda Þjóðhátíðardag Pólverja hátíðlegan

Hvað hefur verið gert:

Síðastliðin tvö ár hefur verið haldinn pólsk menningarhátíð í Reykjanesbæ. Hún hefur þótt afar vel heppnuð og hátíðleg og sjáum við fram á að halda þeim viðburði áfram.

Búið er að bæta við google þýðingar á vefsíðu Reykjanesbæjar og geta nú íbúar valið á milli níu mismunandi tungumála. Ekki er þessi möguleiki fullkominn og myndum við vilja hafa tæk á því að þýða allt efni vefsíðunnar á ensku og pólsku. Slíkt krefst tíma og mannafla.

Sérútgáfa á vefsíðu Reykjanesbæjar með auðlesnum og einföldum texta er langt komin. Sú vefsíða mun auðvelda aðgengi einstaklinga með litla íslenskukunnáttu að upplýsingum og fréttum. Auðlesinn texti er einnig gagnlegur öðrum hópum.

Sumar fréttir hafa verið þýddar á ensku og pólsku sem gerir það að verkum að innflytjendur fá betri upplýsingar um þjónusta bæjarins.

Framlínuþjónusta: Nú þegar er búið að þýða umsóknir á ensku og pólsku sem finna má á mittreykjanes.is

Hvað gerum við 2021:

Lokahóf barnahátíðar Reykjanesbæjar árið 2020 átti að fara fram á Ásbrú með slagorðinu *Úti að leika í krafti fjölbreytileikans*. Fyrirhugðu var æfintýraganga, útileikir, matarvagnar o.fl. Vegna heimsfaraldurs Covid-19 var ákveðið að fresta þessu lokahófi og færa til næsta árs.

Við menningarhald og viðburði myndum við vilja fá betri tengingu við íbúa bæjarins af erlendum uppruna og því væri mjög gott ef við gætum fundið áhrifaríkan einstakling meðal þeirra sem eru af pólskum uppruna sem gæti unnið með okkur við viðburðarhald og þannig gætum við náð betur til þessa hóps.

Framlínubjónusta er fyrsta snerting sveitarfélagsins við íbúa. Við myndum vilja fá til starfa þjónustufulltrúa sem gæti talað og skrifað á ensku, pólsku, íslensku og mögulega fleiri tungumál og þannig ná betur til fjölbreytilegs íbúahóps Reykjanesbæjar. Jafnframt væri hentugt að hafa starfsmann á velferðarsviði sem gæti farið yfir pólskar umsóknir.

Við myndum vilja sjá frekari þýðingar á heimasíðu bæjarins og að allar fréttir sem koma frá bænum séu þýddar á ensku og pólsku. Við myndum líka vilja hafa auðlesna vefinn þýddan á ensku og pólsku og liggur við að hentugra væri að byrja að þýða hann þegar hann kemur í loftið.

Markmið 11:

Öll málaleitan íbúa sem má leysa í fyrstu snertingu verði leyst í fyrstu snertingu með öflugri ferlum og aukinni rafrænni þjónustu

Hvað hefur verið gert ?

Verið er að vinna við að endurskipuleggja alla verkferla með það að markmiði að einfalda og betrubæta þjónustu við íbúa og starfsmenn Reykjanesbæjar.

Þeir verkferlar sem nú er búið að einfalda eru niðurfelling fasteignagjalda vegna andlát maka. Umsókn um útfarastyrk er ferill sem verið er að klára að endurskipuleggja. Búið er að kortleggja alla þjónustuferla og verður farið í að skrifa þá upp og einfalda á næstu mánuðum. Þeir ferlar sem snúa að innri þjónustu og er verið að ljúka við er verkferlar við móttöku nýrra starfsmanna sem snýr að skráningu í kerfi Reykjanesbæjar og gátlistum. Farið verður í að einfalda fleiri ferla hjá tölvudeild á næstu mánuðum.

Kláruð hafa verið ýmis úrbótaverkefni sem auka skilvirkni í þjónustu við íbúa og önnur verkefni eru í vinnslu.

Dæmi um úrbótaverkefni: Búið er að þýða umsókn um fjárhagsaðstoð yfir á ensku og pólsku og verið er að vinna í þýðingum á fleiri umsóknum. Netspjallið er komið inn í símakerfið og orðið skilvirkara en það var. Hægt er að sækja um niðurfellingu á útfarastyrk rafrænt á mittreykjanes.is.

Samstarf er hafið við önnur sveitarfélög um stafræna framþróun.

Samband íslenskra sveitarfélaga er að framkvæma stafræna færni og innviðagreiningu á öllum sveitarfélögum með það að leiðarljósi að skilja stöðu sveitarfélaga betur og fá góða mynd á stöðunni í stafrænni veggerð. Niðurstaða þessara vinnu verður kynnt síðar í maí.

Reykjanesbær hefur verið að skoða ásamt öðrum sveitarfélögum þróun á íbúa appi en ekki hefur verið tekin ákvörðun um að vera með í þróunarferlinu.

Nokkur sveitafélagög eru að þróa ábendingagátt sem verður aðgengileg öðrum sveitarfélögum seint á þessu ári.

Vefurinn BetriReykjanesbær.is er komin í loftið. Vonumst við til að sá vettvangur muni styrkja samtal við íbúa enn betur.

Fyrstu hóparnir eru komnir inn á vefinn. Þar er hópur þar sem óskað er eftir tillögum að verkefnum sem geta skapað ný atvinnutækifæri og auk þess hópur um verkefni sem auðga mannlíf í Reykjanesbæ. Þessir hópar eru tímabundnir og eftir nokkrar vikur munu koma aðrir hópar í staðinn. Á

vefnum er einnig hópur sem verður til frambúðar og má þar setja fram alls kyns hugmyndir og ábendingar til sveitarfélagsins.

Nú þegar hafa nokkrar mjög góðar hugmyndir verið settar inn á vefinn.

Erum í ýmis konar umbótavinnu. Allar umsóknir og eyðublöð hafa verið yfirfarin með tilliti til persónuverndar. Við erum að hefja innleiðingu á þjónustu á milli Navison og mittreykjanes.is þegar tenging verður komin á munu allir reikningar sem sveitarfélagið sendir frá sér birtast inn á mínum síðum viðskiptavina, allar greiðslur til skjólstæðinga s.s. fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur mun birtast á mínum síðum hjá viðkomandi. Einnig munu þeir viðskiptavinir sem kjósa að hafa gjöldin sín á kreditkortu setja sjálf inn kortanúmer inn á mínum síðum (í dag þarf að hringa inn kortanúmer)

Hvað gerum við 2021:

Innleiðum þjónustustefnu og vinnum áfram í umbótaverkefnum til að auka skilvirkni í þjónustu.

Innleiðum mælaborð þar sem við getum betur fylgst með rafrænni þjónustu

Setjum upp eina öfluga og skilvirka ábendingagátt fyrir allt sveitarfélagið

Gerum breytingar á þjónustuverinu þannig að við hjálpum íbúum og viðskiptavinum við að hjálpa sér sjálfir